

Steinunn Kristjánsdóttir

Klaustrið á Skriðu

Forkönnun sumarið 2000

Skýrslur Minjasafns Austurlands XII

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Forkönnun sumarið 2000.....	6
<i>Könnunarskurðir á svæði II</i>	6
<i>Könnunarskurðir á svæði I</i>	10
<i>Niðurstöður</i>	11
Fyrirhuguð fornleifarannsókn.....	12
<i>Markmið</i>	12
<i>Rannsóknarspurningar</i>	12
Samantekt.....	14
Heimildaskrá.....	16
Fylgiskjöl.....	18
<i>Greining gjóskulaga</i>	19
<i>Fundaskrá</i>	21
<i>Jarðlagaskrá</i>	26
<i>Ljósmyndaskrá</i>	27
<i>Teikningar</i>	28

Inngangur

Á jörðinni Skriðu í Fljótsdal var starfrækt munkaklaustur af Ágústínusarreglu frá lokum 15. aldar til siðaskipta.¹ Þetta klaustur á sér því stutta en sérstæða sögu. Það var stofnað mjög seint miðað við önnur klaustur á Íslandi og helgað Guði almáttugum, Maríu mey og hinu helga blóði Jesú Krists en ekki eru önnur dæmi um slíkt hér á landi. Skriðuklaustur var sömuleiðis einstakt að því leyti að þar var með vissu starfræktur svokallaður *ytri skóli*,² þ.e. skóli fyrir þá sem lifðu í hinum veraldlega heimi utan við þann andlega sem var afmarkaður með veggjum klaustranna.³

Enginn hefur dregið tilvist Skriðuklausturs í efa en óljóst hefur verið hvar byggingar þess stóðu á jörðinni. Engar lýsingar eru til varðveittar á húsakynnum klaustursins frá þeim tíma sem það var starfrækt og allar minjar þess eru horfnar undir yfirborð jarðar, nema ein rúst kirkju sem reist var á rústum klausturkirkjunnar. Þessi rúst er staðsett á svokölluðu Kirkjutúni, nokkur hundruð metrum neðan við gamla bæjarstæðið á Skriðu.⁴

Ýmsar getgátur hafa verið uppi um staðsetningu klaustursins. Margir fræðimenn telja að klaustrið hafi staðið á umræddu bæjarstæði, um það bil þar sem Gunnarshús stendur nú. Fjarlægðin á milli Kirkjutúnsins, þar sem klausturkirkjan á að hafa staðið, og bæjarstæðisins hefur þó valdið heilabrotum hvað þetta varðar, ekki síst vegna þess að þar á milli er hamrabelti. Klausturkirkjan hefði samkvæmt venju átt að vera hluti af klausturhúsunum.⁵

Nú er í undirbúningi verkefni sem felur í sér fornleifarannsókn á rústum Skriðuklausturs. Rannsóknarverkefni þetta mun án efa svara mörgum spurningum er varða það og vonandi einnig varpa skýrara ljósi á heildarmynd klausturhalds hérlendis á miðöldum. Að verkefninu munu standa: Minjasafn Austurlands og Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri í samvinnu við forvörsludeild Óslórháskóla og minjavörð Þjóðminjasafnsins á Austurlandi.

Undirbúningur vegna fornleifarannsóknarinnar hófst árið 2000. Í upphafi ársins var sótt um styrki til Rannsóknarráðs Íslands og Nýsköpunarsjóðs námsmanna til að fjármagna forkönnun á jörðinni. Samhliða því var óskað eftir samstarfi við Minjasafnið, Gunnarsstofnun og minjavörð um framkvæmd verkefnisins. Styrkirnir sem sótt var um fengust og á vordögum 2000 hófst vinna við forkönnunina.

Markmiðið með forkönnuninni var að eyða ýmsum óvissuþáttum varðandi klaustrið áður en ráðist yrði í frekari rannsókn á staðnum. Í fyrsta lagi var ætlunin að staðsetja rústir klaustursins á jörðinni, því eins og greint var frá hér að ofan var ekki ljóst hvar

¹ Íslenskt fornbréfasafn VII:309-310; Helgi Hallgrímsson 1988:20-21.

² Til aðgreiningar er rétt að benda á það hér að í öðrum íslenskum klaustrum voru reknir skólar sem eingöngu voru ætlaðir þeim sem gengið höfðu í þau (Gunnar F. Guðmundsson 2000:221).

³ Helgi Hallgrímsson 1988:20; Gunnar F. Guðmundsson 2000:221-223, 324.

⁴ Helgi Hallgrímsson 1999:34-35.

⁵ Bruun 1974:163; Jón Jónsson 1897:22; Helgi Hallgrímsson 1989:38-39.

byggingar þess stóðu. Í öðru lagi var markmiðið að kanna umfang rústanna og ástand þeirra.

Eftirtaldir aðilar og stofnanir komu að forkönnuninni sumarið 2000: Höfundur skýrslu stjórnaði framkvæmd forkönnunarinnar; Guðný Zoëga réttarmannfræðingur, Jón Ingi Sigurbjörnsson sagnfræðingur og Ingibjörg Jónsdóttir landfræðinemi unnu ásamt henni við töku könnunarskurða. Guðný vann einnig að greiningu mannabeina og Ingibjörg vann að heimildavinnu fyrir könnun og skráði jafnframt öll gögn frá henni. Friðrik Vigfússon frá Valbjófsstað opnaði alla könnunarskurði með vélskóflu. Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur safnaði öllum heimildum, munnlegum og rituðum, um Skriðuklaustur og skráði þær niður í eina ritgerð. Að rannsókninni komu einnig: Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur sem greindi gjóskulög á staðnum, og Friðrika Marteinsdóttir jarðfræðingur hjá Línuhönnun hf en hún sá um jarðsjármælingar á rústasvæðunum tveimur. Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri lánaði rannsóknaraðilum verkefnisins gístaðstöðu á staðnum. Loks var gengið frá gripum og gögnum frá könnuninni á Minjasafni Austurlands, þar sem þau verða síðan varðveitt.

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum forkönnunar sem fram fór á Skriðuklaustri sumarið 2000 og jafnframt sagt frá fyrirhugaðri fornleifarannsókn á staðnum.

Forkönnun sumarið 2000

Forkönnunin hófst á því að farið var yfir munnlegar og ritaðar heimildir um klaustrið en þeim hafði þá þegar verið safnað saman í eina ritgerð af Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi.⁶ Ritgerð sr. Heimis Steinssonar, *Saga munklifis að Skriðu í Fljótsdal*, var jafnframt höfð til hliðsjónar við heimildavinnu. Samhliða þessu var loftmynd⁷ af jörðinni skoðuð og vettvangskönnun gerð á jörðinni.

Að lokinni þessari fjölþættu yfirferð þótti ljóst að tvö svæði á jörðinni voru líklegri en önnur til að geyma rústir klaustursins. Tvö afmörkuð svæði voru valin til frekari könnunar með skurðum. Þau voru: I) bæjarstæði gamla Skriðubæjarins, þ.e. svæðið sunnan við Gunnarshús. II) Kirkjutúnið svokallaða, þ.e. þar sem kirkjurústin liggur (mynd 1). Þegar þessi ákvörðun lá fyrir voru könnunarskurðir teknir. Jafnframt þessu voru svæðin tvö mæld með jarðsjá.

Könnunarskurðir á svæði II

Könnunin hófst á svæði II, um 300 metrum neðan við Gunnarshús. Voru teknir þrjár skurðir þar, merktir A, B og C, sem voru eins metra breiðir og fimm metra langir, eftir að hnitakerfi hafði verið sett upp á svæðinu. Skurður C var notaður til viðmiðunar við greiningar á gjóskulögum því jarðlög í honum reyndust óröskuð. Skurður A var tekinn örfáum metrum norðan við kirkjugarðinn sem þarna er afmarkaður umhverfis kirkjurústina, en skurður B var tekinn nokkrum metrum austan við hann (mynd 1).


Skurðir A og B voru grafnir upp með múrskleidum og skóflum. Í könnunarskurði A komu í ljós þrjú tímaskeið bygginga (mynd 2). Neðst mátti greina leifar veggja og gólfs í byggingu sem sennilega var í notkun fram á miðja 15. öld. Enn sem komið er ekki hægt

⁶ Helgi Hallgrímsson 2000.

⁷ Landmælingar Íslands 1955.

að segja til um hvenær þessi bygging var reist en það gæti hafa verið í upphafi miðalda⁸ eða jafnvel fyrr. Líklega er hér um gripahús að ræða því gólflag byggingarinnar samanstóð af þjöppuðu taði.

Ofan á þessum byggingarleifum fundust leifar byggingar frá tímum klausturhalds á Skriðu. Um var að ræða veggjahleðslur úr torfi. Í torfhleðslunum mátti glögggt greina gjósku úr gosi í Örafajökli árið 1362 og í Veiðivötnum árið 1477 en það sýnir að byggingin var að öllum líkindum reist seint á 15. öld eða í upphafi þeirrar sextándu. Efst í könnunarskurði A fundust loks leifar lítillar byggingar sem reist hefur verið á rústunum eftir að gos varð í Öskju árið 1874.



Mynd 1. Teikning af rannsóknarsvæðunum tveimur á Skriðuklaustri. Teikningin sýnir staðsetningu könnunarskurða og könnunarreitna innan þeirra (höf. 2000).

Tvö þeirra byggingarstiga sem skýrt er frá hér að ofan fundust einnig við gröft í könnunarskurði B á svæði II (mynd 3). Neðst mátti sjá leifar byggingar, vegg og gólf, sem líklega var í notkun fram til loka 15. aldar. Samsetning gólflagsins í þessum skurði bendir eindregið til þess að rústin hafi verið bústaður manna en ekki útihús eins og rústin sem er samtíða henni og fannst í könnunarskurði A.


Ofan á þessum byggingarleifum mátti greina leifar yngri bygginga, n.t.t. frá tímum klaustursins. Hér var um að ræða mjög þykkar vegg, hlaðinn úr torfi og grjóti. Torfhleðslurnar voru sömu gerðar og þær sem aldursgreindar voru til klausturtímans og

⁸ Miðaldir eru oftast miðaðar við kápólskan tíma á Íslandi, þ.e. frá 1000-1550.

fundust í könnunarskurði A á þessu svæði. Ekki vottaði fyrir byggingum ofan á þessum voldugu torfhleðslum, eins og greina mátti í hinum könnunarskurðinum.

Í báðum könnunarskurðunum, þ.e. A og B, fannst mikið af mjög vel varðveittum dýrabeinum. Mest var um stórgripabein að ræða en einnig mátti greina kinda- og fuglabein meðal þess safns beina sem þarna kom upp. Ekki fundust neinir gripir í skurðunum sem gætu varpað skýrara ljósi á aldur hvers byggingarstigs fyrir sig.

Þegar lokið hafði verið við töku könnunarskurðanna tveggja á svæði II, var það mælt með jarðsjá. Jarðsjáin sýndi mikið og samfelldt rask undir yfirborðinu á milli skurðanna tveggja, svo og allt í kringum þá.⁹ Túlka má þetta greinanlega jarðrask sem leifar samfelldra bygginga. Að þessum niðurstöðum fengnum var ákveðið taka eins fermeters stóra könnunarreit í kirkjugarðinn til að leita að mörkum þessara bygginga sem greinilega liggja þarna undir yfirborði jarðar, en einnig til að kanna ástand mannabeina með tilliti til varðveisluskilyrða á staðnum.




Mynd 2. Þversnið úr könnunarskurði A á svæði II sem sýnir þrjú stig bygginga frá þremur mismunandi tímaskeiðum (höf. 2000).

Teknir voru könnunarreitir á þremur stöðum innan marka kirkjugarðsins (mynd 1). Þeir voru merktir með tölustöfum, 1, 2 og 3. Eftir að grasrótinni hafði verið flett af afmörkuðum reitunum kom í ljós samskonar torfhleðsla í þeim öllum. Torfhleðslan var jafnframt sömu gerðar og þær sem fundust í könnunarskurðum A og B og voru aldursgreindar til umrædds klausturstíma á Skriðu. Í framhaldi af þessu var ákveðið að

⁹ Friðrika Marteinsdóttir 2000.

grafa ekki frekar í reitum 1 og 2, til að forðast rask í garðinum, en ákveðið að grafa þess í stað eingöngu upp reit 3 (mynd 4).

Í þversniði könnunarreits 3 var aðeins hægt að greina eitt stig bygginga, í stað tveggja eða þriggja eins og greint var í könnunarskurðum A og B. Byggingin sem var greinanleg í könnunarreit 3 hafði augljóslega verið reist við lok 15. aldar því að undir henni lá óröskuð gjóska úr gosi í Örafajökli árið 1362 og lítillaga raskað lag gjósku úr gosi í Veiðivötnum árið 1477. Það torf sem notað hafði verið sem byggingarefni innihélt lög af gjósku úr báðum þessum gosum. Þetta bendir eindregið til þess að hér sé um að ræða byggingu frá tímum klausturhalds á Skriðu. Þessar upplýsingar gefa jafnframt til kynna að byggingarnar liggi undir kirkjugarðinum að stórum hluta. Þess vegna má geta sér til um að kirkjugarðurinn hafi verið afmarkaður með hleðslu nokkuð löngu eftir að klaustrið hafði var lagt niður um miðja 16. öld (mynd 1).



Mynd 3. Teikning af þversniði í könnunarskurði B. Hér sjást má byggingarstigin tvö sem greindust í honum (höf. 2000).

Í könnunarreit 3 fundust einnig leifar beinagrindar af manni. Það olli nokkrum vonbrigðum að sjá hversu illa hún var varðveitt, samanborið við dýrabeinin sem fundust í könnunarskurðum A og B. Eins kom á óvart að ekki var hægt að greina neinar útlínur grafar í kringum beinin, né leifar nokkurs annars grafarumbúnaðar, t.d. kistu. Svo virðist sem gröfinni hafi verið raskað þegar byggt var á svæðinu eða líkið hreinlega grafið inn í vegg byggingarinnar. Hafi gröfinni verið raskað gæti það skýrt hina slæmu varðveislu

beinanna því komist súrefni að beinunum aftur eftir að þau hafa legið í jörðu rotna þau fljótar en ella.

Könnunarskurðir á svæði I

Rannsókn fór einnig fram á svæði I, sem er bæjarstæði gamla Skriðuklaustursbæjarins. Þar var opnað fyrir tveimur könnunarskurðum. Hætt var við að grafa frekar í annan þeirra vegna þess að í honum lá símasnúra. Eftir að hafa gengið um svæðið, skoðað það gaumgæfilega og eins rætt við iðnaðarmenn sem unnið hafa ýmis verk í kringum byggingar bæjarstæðisins, þótti nokkuð ljóst að svæðið væri mikið raskað af seinni tíma byggingum og öðrum framkvæmdum þeim tengdum. Jarðsjáin sýndi einnig fram á mikið rask þarna. Samt sem áður var ákveðið að halda áfram við gröft í öðrum skurðinum, merktum með bókstafnum D, þ.e. þeim sem tekinn var rétt sunnan við Gunnarshús, og kanna ástand minja þar undir (mynd 1).



Mynd 4. Úr könnunarreiði 3. Undir vegghleðslu úr torfi, sem þar var sjáanleg, mátti greina gjóskulög sem tímasett eru til 1362 og 1477. Þetta bendir til þess að byggingin hafi verið reist eftir að yngra gjóskulagið féll. Greina má fyrir miðri mynd hluta af hauskúpu (Ljósmynd: Guðný Zoëga, 2000).

Grunur um rask reyndist réttur. Jarðvegur í könnunarskurði D á svæði I var mikið raskaður nema hálfur metri af vestasta enda hans. Þar mátti greina brot af byggingu sem gæti verið frá upphafi miðalda, jafnvel eldri. Meðal þess sem annars fannst í skurðinum var þakpappi, gosflöskubrot og verksmiðjasmíðaður ljár.

Niðurstöður

Framkvæmd forkönnunarinnar gekk vonum framar og afrakstur hennar varð meiri en búist var við. Þegar öll gögn frá henni hafa verið yfirfarin er ljóst að niðurstöður benda eindregið til þess að rústir klaustursins séu á svokölluðu Kirkjutúni (sjá svæði II á mynd 1). Þau atriði sem lögð voru til grundvallar þessari ályktun eru bæði aldur ákveðinna rústa á þessu svæði samkvæmt greiningu gjóskulaga¹⁰, og umfang þeirra og gerð. Þversnið könnunarskurðanna sem teknir voru á svæði II sýna svo ekki verður um villst að miklar byggingar stóðu á Kirkjutúninu á tímum klausturhalds á Skriðu. Þær virðast bæði hafa verið voldugar að gerð en einnig miklar að umfangi.

Samkvæmt mælingum sem gerðar voru með jarðsjá er túnið raskað á um 2300 fermetra stóru svæði norðan og austan við kirkjurústina.¹¹ Þversnið könnunarreits 3, sem tekin var sunnan og vestan við kirkjurústina, sýndi einnig leifar bygginga frá klausturtímanum. Samkvæmt því sem í ljós kom í könnunarreitum 1 og 2 liggja samskonar byggingarleifar að norðanverðu undir hlaðna, ferhyrnta kirkjugarðsveggnum sem umlykur vel greinanlega meinta kirjurúst.

Ekki hafa fundist neinar heimildir, hvorki munnlega né ritaðar, um að byggingar hafi staðið á Kirkjutúninu svonefnda á tímum klausturhalds í Fljótsdal, fyrir utan klausturkirkjuna. Þó er vitað til þess að á 20. öldinni var þar reist fjárhús, þó nokkru neðan við svæðið sem rannsakað var. Rústir þess eru enn þann dag í dag vel greinilegar. Eins og áður sagði, sýndi könnunarrannsóknin fram á miklar byggingar sem byggðar voru á þessum stað á tímabilinu 1500-1700.¹² Ritaðar heimildir um sveitabýli landsins eru nánast undartekningarlaust til varðveittar frá þeim tíma. Af þessu má því draga þá ályktun að þarna sé um að ræða byggingar klaustursins, sem samkvæmt því hafa ekki staðið á bæjarstæðinu sjálfu.

Með jarðsjármælingunum var, eins og áður hefur verið greint frá, hægt að mæla umfang rústa klaustursins og áætla þar með stærð fyrirhugaðs rannsóknarsvæðis. Það kom jafnframt mjög á óvart hversu miklar byggingar klausturhúsanna hafa verið. Þær eru einnig sýnilega betur varðveittar en að sama skapi umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Þversnið könnunarskurðanna sem teknir voru á rústasvæðinu sýndu að ekki hefur verið byggt aftur á rústum klaustursins eftir að það var lagt af. Rústirnar eru því óskemmdar af seinni tíma byggingum, sem er mjög jákvætt fyrir áframhaldandi rannsóknir á staðnum.

Margt fleira athyglisvert kom í ljós við forkönnunina. Snið könnunarskurðanna sýndu að klaustrið hefur verið reist á eldra bæjarstæði, því undir klausturrústunum fundust greinilegar leifar bæði íveru- og útihúsa. Erfitt er að slá nokkru föstu um aldur þessa bæjarstæðis að svo stöddu vegna þess að engin gjóskulög voru greinanleg í þeim rústabrotum sem sáust í þversniðum könnunarskurðanna. Þó má segja með nokkurri vissu að bæjarstæðið er frá því áður en gos varð í Örafajökli árið 1362 því gjóska úr því gosi var ekki greinanleg í veggjum rústa þess.

Rétt er að geta þess hér að niðurstöður úr könnuninni af svæði II útiloka ekki með öllu að rústir klaustursins gæti verið að finna á svæði I, vegna þess hversu lítið það var hægt að kanna það með þverskurðum. Það þyrfti í raun að fletta grassverði af stórum hluta þess til þess að sjá hvar hægt væri að bera niður. Af þessum sökum er mikilvægt að kanna

¹⁰ Magnús Sigurgeirsson 2000.

¹¹ Friðrika Marteinsdóttir 2000.

¹² Magnús Sigurgeirsson 2000.

svæði I enn betur við aðrar aðstæður, t.d. þegar ráðist verður í frekari framkvæmdir við Gunnarshús og á lóðinni þar í kring. Þegar er nokkuð vel ljóst að þarna er að finna miklar rústir af ýmsu tagi, trúlega allt frá landnámsöld. Útlit er þó fyrir að einungis brotarkenndar rústir komi í ljós vegna þess rasks sem þar hefur orðið í tímans rás.

Fyrirhuguð fornleifarannsókn

Rústir Skriðuklausturs eru umfangsmiklar. Mikils er um vert að vel verði að verki staðið ef þær merku minjar sem þar er að finna verða rannsakaðar með fornleifauppgreftri. Ef vel á að vera þarf að reikna með allt að 10 árum til rannsókna á staðnum sé tekið mið af niðurstöðum forkönnunarinnar sem fram fór á Skriðuklaustri sumarið 2000. Þá er miðað við að grafið verði í þrjá mánuði ár hvert en veturnir notaðir til forvörslu gripa og úrvinnslu gagna frá uppgreftrinum. Hér er því um sambærilega rannsókn að ræða og þegar hefur farið fram á Bessastöðum í Bessastaðahreppi, í Viðey á Kollafirði og á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum.

Markmið

Markmiðið með fornleifarannsókninni á Skriðuklaustri verður að rannsaka gerð og uppbyggingu klausturhúsanna á staðnum og varpa þannig ljósi á klausturhald þar. Markmiðið er einnig að bera niðurstöður þær er fram koma við rannsóknina saman við sambærilegar rannsóknir í nágrannalöndum í Evrópu. Einnig er nauðsynlegt að skapa þverfaglegan grunn fyrir úrvinnslu fornleifarannsóknarinnar og tengja niðurstöður hennar við rannsóknir á miðaldaklastrum sem hafa verið gerðar innan annarra fræðigreina en fornleifafræði, bæði hérlendis sem og erlendis.

Rannsóknarspurningar

Þó nokkuð hefur verið ritað og rætt um uppbyggingu og gerð klaustra á Íslandi í gegnum tíðina.¹³ Rannsóknir þessar byggja að mestu á rituðum heimildum, þ.e. á skráðum úttektum og lýsingum á byggingum klausturstaðanna. Þó hafa rústir Viðeyjarklausturs verið rannsakaðar að hluta til með fornleifagreftri.¹⁴ Uppgröfturinn þar mun án efa skipta miklu sem samanburðarefni þegar fram í sækir.

Niðurstöður frá þeim rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar á klausturbyggingum hérlendis hafa þótt sýna að íslensku miðaldaklastrin hafi einna helst líkst gangabæjum stórbænda.¹⁵ Þetta verða að teljast raunhæfar túlkningar í ljósi þess að á jörðum klaustra sátu venjulega stórbændur eftir að þau höfðu verið lögð af en gangabæjarstíllinn var einmitt nánast allsráðandi í byggingarhefð Íslendinga á síðmiðöldum.

Athygli vekja einnig nýlegar rannsóknir á rituðum heimildum sem skráðar voru á þriðja áratug 16. aldar um Munkaþverárklaustur en þær benda til þess að klausturhúsin þar hafi verið byggð samkvæmt alþjóðlegum grunni en með innlendum útfærslum.¹⁶ Rannsóknir af þessu tagi eru greinilega nauðsynlegar fyrir framgang áframhaldandi

¹³ M.a. Heimir Steinsson 1965; Anna Sigurðardóttir 1988; Hörður Ágústsson 1989; Þórir Stephensen 1992; Margrét Hallgrímsdóttir 1993 og Guðrún Harðardóttir 1995.

¹⁴ Margrét Hallgrímsdóttir, 1993.

¹⁵ Anna Sigurðardóttir 1988:293; Hörður Ágústsson 1989:293-296, Margrét Hallgrímsdóttir 1993:162.

¹⁶ Guðrún Harðardóttir 1998:34.

klausturrannsóknna héraendis. Spurningin er þó að hversu miklu marki slíkar ritheimildir eru nýtanlegar einar og sér án hjálpar fornleifafræðinnar.

Flestar þær úttektir og lýsingar sem til eru varðveittar um byggingar klausturstaða eru gerðar eftir að klaustrin voru lögð af á viðkomandi stöðum. Þar er oftast eingöngu að finna lýsingar á þeim stórbýlum er reist voru að þeirra tíma byggingarhætti á rústum klaustranna sjálfra eða í nágrenni þeirra eftir að þau höfðu verið lögð af. Þetta hafa fræðimenn bent á.¹⁷ Annað vandamál tengt úttektum og lýsingum, geymdum í rituðu máli, er það að í þeim kemur sjaldan fram ytra útlit klaustranna eða afstaða þeirra innbyrðis. Úttektirnar lýsa nær eingöngu hverri byggingareiningu fyrir sig, óháð því hvort þær stóðu í einni húsabyrpingu eða ekki.



Mynd 5. Unnið við forkönnun á Skriðuklaustri sumarið 2000 (Ingibjörg Jónsdóttir, 2000).

Þrátt fyrir að gildi ritaðra heimilda sé mikið er erfitt að gera sér grein fyrir gerð og útliti bygginga af lýsingum einum saman og því mikilvægt að fornleifafræðin komi þar til. Öll íslensku miðaldaklaustrin voru aflögð um og fyrir siðaskiptin, sem er talinn einn mesti umbreytingartími Íslandssögunnar.¹⁸ Ekki má heldur gleyma að siðaskiptin voru knúin fram með mjög hörðum og róttækum hætti. Meðal annars var reynt af fremsta megni að

¹⁷ T.d. Hörður Ágústsson 1989:262, 278-281; Steinunn Kristjánsdóttir 1995:30-33.

¹⁸ Gunnar F. Guðmundsson 2000:330.

afmá öll ummerki kaþólskrar trúar úr þjóðfélaginu. Kaþólskar byggingar, þ.á m. klaustrin, voru rifnar og reynt að gera sem minnst úr þeim.¹⁹

Það er því spurning hvort klausturbyggingar hafi almennt verið nýttar í óbreyttu formi sem veraldlegar byggingar eftir siðaskiptin. Ljóst er að nafngiftir íslenskra klausturstaða héldust þrátt fyrir breytingarnar en það getur einmitt hafa reynst villandi fyrir fræðimenn sem hafa stundað rannsóknir á viðfangsefninu.²⁰

Ein helsta og mikilvægasta rannsóknarspurning Skriðuklausturrannsóknarinnar er því sú hvort Íslendingar hafi byggt klaustur sín að eigin fyrirmynd og þá hvort þeir hafi gert það með sama hætti og þeir byggðu veraldlegar byggingar, eða hvort þeir hafi byggt þau að erlendri fyrirmynd samkvæmt ströngustu reglum um helgihald í evrópskum klaustrum.

Rannsóknir á tilhögun helgihalds innan veggja Ágústínusar- og Benediktsklaustra, sem voru einu reglurnar sem störfuðu hérlendis á miðöldum, benda til þess að lítill munur hafi verið á þess konar klaustrum hérlendis og erlendis. Munur var þó nokkur á reglunum sjálfum innbyrðis. Klaustrin voru umfram allt lokuð og innhverf bænasetur karla og kvenna er þráðu samfélag við Guð í sínu jarðneska lífi.²¹

Fornleifarannsóknir í nágrannalöndum Íslands sýna að byggingar klaustra kristinna manna á miðöldum samanstóðu af klausturkirkju og nokkrum litlum byggingareiningum sem í voru vistarverur klausturbúanna, þ.e. dormitorium,²² parlatorium,²³ refectorium,²⁴ lavatorium²⁵ og capitolium.²⁶ Til viðbótar þessum einingum var ábótaglasi, eldhús og vínkjallari.²⁷ Þessar byggingareiningar voru undantekningalaust byggðar í ferhyrning umhverfis svokallaðan klausturgarð sem klausturkirkja lokaði. Klausturkirkjan stóð venjulega sunnan eða norðan við klausturhúsin. Oft var brunnur hafður í miðjum klausturgarðinum.²⁸

Elsta ritaða heimild sem inniheldur lýsingu á húsakynnum á Skriðuklaustri er frá árinu 1598. Í heimildinni, sem er skráð tæpri hálfri öld eftir að klausturhaldi lýkur á Skriðu, er að finna mjög ítarlega lýsingu af byggingum á jörðinni. Þar segir ennfremur að klausturhúsin séu fallin en að klausturkirkjan sé vel standandi. Heimakirkjan er aftur á móti að falli komin þegar úttektin er gerð. Í úttektinni er ekki getið um neinar vistarverur sem bent gæti til klausturhalds, sbr. lýsinguna hér að ofan, né heldur af henni ljóst hvaða hús hafa verið sambyggð eða hver þeirra hafi staðið saman.²⁹

Samantekt

Niðurstöður forkönnunarinnar eru mjög skýrar og afdráttarlausar sem auðveldar skipulagningu fyrirhugaðrar fornleifarannsóknar til muna. Forkönnunin sýndi að rústir

¹⁹ Loftur Guttormsson 2000:62, 105, 201.

²⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 1995:34.

²¹ Gunnar F. Guðmundsson 2000:212-214.

²² Svefnskáli klausturbræðra eða -systra.

²³ Málstofa.

²⁴ Borðsalur.

²⁵ Salerni.

²⁶ Lestrar- og samverustofa.

²⁷ Blomqvist 1958:252-253; Guðrún Harðardóttir 1998:34.

²⁸ Steinunn Kristjánsdóttir 1996:36-41; Guðrún Harðardóttir 1998:34.

²⁹ Heimir Steinsson 1965:44-46; Helgi Hallgrímsson 1999:34.

klaustursins eru mjög vel fallnar til rannsókna séu þær bornar saman við rústir annarra klaustra á Íslandi. Eftirtalin atriði má leggja því til grundvallar:

- I. Rústum klaustursins á Skriðu hefur ekki verið raskað af seinni tíma byggingum.
- II. Byggingum klaustursins hefur sennilega lítið verið breytt á meðan það var í notkun, sem einfaldar túlkun á rústunum.
- III. Rústirnar eru ekki minni að umfangi en aðrar íslenskar klausturrústir frá miðöldum, þrátt fyrir að klaustrið hafi aðeins verið starfrækt í skamman tíma.
- IV. Byggingarnar virðast vera mjög vel varðveittar.
- V. Varðveisluskilyrði virðast vera mjög góð á staðnum.

Lengi hefur fornleifarannsókn á rústum Skriðuklausturs verið beðið af fræðimönnum. Rannsóknin myndi tvímælalaust efla þekkingu okkar á sögu Austfirðinga og ekki síður auka hina brotakenndu þekkingu okkar á íslenskum miðaldaklaustrum. Ef svar fæst við helstu rannsóknarspurningum verkefnisins með fyrirhugaðri fornleifarannsókn ætti jafnframt að vera hægt að spyrja frekari spurninga um tilhögun klausturhalds á Skriðuklaustri, sem og á öðrum slíkum stöðum hérlendis. Þá yrði einnig fyrst hægt að leita eftir samanburðarefni utanlands, sem og innanlands, varðandi klausturhald á miðöldum.

Heimildaskrá

Anna Sigurðardóttir 1988: *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu. Úr veröld kvenna III*. Kvennasögusafn Íslands. Reykjavík.

Błomqvist, Ragnar 1958: *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. Bindi III. Bókaverzlun Ísafoldar. Reykjavík.

Bruun, Daniel 1974: Við norðurbrún Vatnajökuls. Rannsóknir á Austurlandi sumarið 1901. *Múlaping* 7. Sigurður Ó. Pálsson þýddi. Egilsstaðir.

Guðrún Harðardóttir 1995: *Munkaþverárklaustur. Vitnisburður ritheimilda um húsakost þess og kirkju*. B.A. ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík.

Guðrún Harðardóttir 1998: Nokkrar kynslóðir kirkna og klausturhúsa á Munkaþverá. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1996-97*. Ritstjóri: Mjöll Snæsdóttir. Hið íslenska fornleifafélag. Reykjavík.

Gunnar F. Guðmundsson 2000: Íslenskt samfélag og Rómarkirkja. *Kristni á Íslandi II*. Alþingi. Reykjavík.

Helgi Hallgrímsson 1988: Klaustur-María og kraftaverkin tvö. *Austri*. Jólblað 1988. 33. árg. Egilsstaðir.

Helgi Hallgrímsson 1989: Gunnar skáld og Skriðuklaustur. *Skáldið á Skriðuklaustri. Gunnar Gunnarsson*. Gefið út í tilefni af 100 ára afmæli skáldsins. Reykjavík.

Helgi Hallgrímsson 1999: Skriðuklaustur. *Lesbók Morgunblaðsins*. 18. desember 1999. Reykjavík.

Hörður Ágústsson 1989: Húsagerð á síðmiðöldum. *Saga Íslands IV*. Samin að tilhlutan Þjóðhátíðarnefndar 1974. Ritstjóri: Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag. Sögufélag. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn VII. Diplomatarium Islandicum VII. AM.263 Fol. 1598. Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1857-1951.

Jón Jónsson 1897: Kjallaragröfin á Skriðu í Fljótsdal í Múlapingi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Reykjavík.

Loftur Guttormsson 2000: Frá siðaskiptum til upplýsingar. *Kristni á Íslandi III*. Alþingi. Reykjavík.

Margrét Hallgrímsdóttir 1993: *Húsakostur Viðeyjarklausturs*. Um byggð í Viðey fram á 18. öld. Cand.mag. ritgerð í sagnfræði. Háskóli Íslands. Skýrslur Árbæjarsafns XXIX. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir 1995: *Klaustureyjan á Sundum. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1994*. Ritstjóri: Mjöll Snæsdóttir. Hið íslenska fornleifafélag. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir 1996: *Trúarheimar mætast. Áfangaskýrsla Viðeyjarrannsóknna 1995*. Skýrslur Árbæjarsafns LVI. Reykjavík.

Óútgefnar heimildir:

Friðrika Marteinsdóttir 2000: *Jarðsjármælingar vegna forkönnunar á Skriðuklaustri í júlí 2000*. Línuhönnun hf. Skýrsla.

Heimir Steinsson 1965: *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*. Sérefnisritgerð til embættisprófs við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Handrit.

Helgi Hallgrímsson 2000: *Minjar og saga á Skriðuklaustri: heimildakönnun og heimildaskrá*. Handrit.

Magnús Sigurgeirsson 2000: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn. Gjóskulagagreining*. Greinargerð 00/06. Skýrsla.

Þórir Stephensen 1992: *Menntasetur að Viðeyjarklaustri*. Rannsókn á mennt og menningu í Viðeyjarklaustri með hliðsjón af öðrum klaustum hér á landi og erlendis. Ritgerð í viðbótarnámi við guðfræðideild HÍ. Handrit.

Annað:

Loftmynd af Skriðuklaustri í Fljótsdal frá 1955. Landmælingar Íslands. Fjarkönnunardeild. Myndataka: flokkur O, nr. 1613, dags. 01.08.55.

Fylgiskjöl

Greining gjóskulaga

Magnús Sigurgeirsson:

Skriðuklaustur í Fljótsdal - fornleifarannsókn Gjóskulagagreining

Mæld voru tvö snið í túninu norðan við gamla kirkjugarðinn á Skriðuklaustri þann 30. júlí 2000. Greining helstu gjóskulaga er sýnd á meðfylgjandi sniðteikningum. Gjóskulögin eru eftirfarandi:

A-1875. Gjóskulag þetta er áberandi á Austurlandi (Sigurður Þórarinsson 1944).

V-1477. Þetta gjóskulag er einnig nefnt a-lagið og er eitt af helstu leiðarlögum á Austurlandi (Jón Benjamínsson 1982, Sigurður Þórarinsson 1977).

Lagaparið H-1158 og V~1159. Þessi lög eru yfirleitt þétt saman í jarðvegi hvar sem þau finnast, s.s. í innanverðum Fljótsdal og á Jökuldal (Guðrún Larsen 1982). Heklulagið sást óljóst í sniði 1.

Landnámssyrpa (LNS). Syrpa 4-5 dökkra gjóskulaga sem koma fyrir með stuttu millibili í jarðvegi, yfirleitt á 6-8 cm bili. Landnámslagið svonefnda frá 871 e. Kr. (Karl Grönvold o.fl. 1995) er eitt af gjóskulögnum í LNS. Landnámslagið er yfirleitt næst efsta lag syrpunnar en fjöldi laganna er nokkuð mismunandi eftir svæðum. Moldin sem LNS situr í er jafnan mun dekkri en moldin beggja vegna, og má yfirleitt þekkja þetta moldarlag þó gjóskulögin séu þunn og illgreinanleg.

Mannvistarlög voru ekki sjáanleg í sniði 1. Í sniði 2 voru mannvistarlög a.m.k. 90 cm þykk en ekki var grafið í gegnum þau. Torf með gjóskulögnum V-1477 og Ö-1362 er á 20-80 cm dýpi. Á 80-105 cm dýpi eru mannvistarlög án gjóskulaga. Á 105 cm dýpi var komið niður á dökkt, þétt, gólflag. Eina gjóskulagið sem fannst yfir mannvistarlögum var A-1875, um 7 cm yfir torfinu. Miðað við jarðvegsþykknun í sniði 1 má draga þá ályktun að yngsta torfið í sniði 2 sé a.m.k. 150 árum eldra en gjóskulagið A-1875. Vitað er að það var stungið nokkru eftir árið 1477 þannig að gróflega áætlað má segja að það sé frá tímabilinu 1500-1700. Um eldri mannvistarlög í sniðinu er lítið hægt að segja að svo stöddu.

Helstu heimildir

Guðrún Larsen 1982: Gjóskutímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri, Sögufélag, Reykjavík, bls. 51-65.

Jón Benjamínsson 1982: Gjóskulag "a" á Norð-Austurlandi. Í: Eldur er í norðri. Sögufélag, Reykjavík, bls. 181-185.

Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. Earth and Planetary Science Letters 135, bls. 149-155.

Sigurður Þórarinsson 1944: Tefrokronologiska studier på Island. Þjórsárdalur och dess förödelse. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn, 217 bls.


Sigurður Þórarinsson 1977: Gjóskulög og gamlar rústir. Brot úr íslenskri byggðarsögu. Árbók Hins Íslenska Fornleifafélags 1976, bls. 5-38.

Kópavogur 8. júlí 2000

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur.

Skriðuklaustur í Fljótsdal

snið mæld 30. júlí 2000



<u>Date</u>	<u>No</u>	<u>Finding</u>	<u>Description</u>	<u>Location</u>	
<u>Area</u>	<u>J-layer</u>	<u>Req.date</u>	<u>Req.by</u>		
27-07-2000	SK00/1	Bein og kol		x +	y
Svæði 2 - Skurður A	J3	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/2	Dýrabein		x +	y
Svæði 2 - Skurður A	J3	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/3	Nagli		x +	y
Svæði 2 - Skurður A	J3	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/4	Nagli		x +	y
Svæði 2 - Skurður A		06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/5	Brennd bein		x +	y
Svæði 2 - Skurður A		06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/6	Skeifa		x +	y
Svæði 2 - Skurður A		06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/7	Bein		x +	y
Svæði 2 - Skurður A		06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		
27-07-2000	SK00/8	Timbur		x +	y
Svæði 2 - Skurður A		06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir		

<u>Date</u>	<u>No</u>	<u>Finding</u>	<u>Description</u>	<u>Location</u>	
<u>Area</u>	<u>J-layer</u>	<u>Reg.date</u>	<u>Reg.by</u>		
27-07-2000	SK00/9	Bein og tennur	Samansafn af dýratönnum og beinum	x	y
Svæði 2 - Skurður B	J2 - yfirborðslag	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/10	Kol		x	y
Svæði 2 - Skurður B	J2	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/11	Málmur	Málmplata með pinna, grænlituð.	x	y
Svæði 2 - Skurður B	J2	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/12	Brennd bein og kol	samansafn úr syðri enda	x	y
Svæði 2 - Skurður B	J2	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/13	Gjall	Efsta lag, litlir molar.	x	y
Svæði 2 - Skurður B	J2	06-10-2000	Steinunn Kristjánsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/14	Dýratennur	Bitar af dýratönnum	x	y
Svæði 2 - Skurður B		06-10-2000	Ingibjörg Jónsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/15	Brennd bein	Nokkur brot af brenndum beinum	x	y
Svæði 2 - Skurður B		06-10-2000	Ingibjörg Jónsdóttir	+	
27-07-2000	SK00/16	Kol	Nokkuð stórir kolabitar	x	y
Svæði 2 - Skurður B		06-10-2000	Ingibjörg Jónsdóttir	+	

